

Auglýsing um gjörðarsamning milli Hans háttignar Danmerkur konungs og forseta hins frakkneska lýðveldis, undirskrifuð af ráðherra s. d. (A nr. 48, bls. 206—211).
Auglýsing um kirkjugjald í Hofssókn og Hofstaðasókn í Skagafjarðarprófastsdæmi, undirskrifuð af landritara í fjarveru ráðherra 30. nóvember 1912 (A nr. 49, bls. 212—213).

4 **Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um vörutoll af endursendum**
 27. jan. **fiskiumbúðum.**

Firmað Garðar Gíslason & Hay hjer í bænum hefir spurst fyrir um það, hvort lög nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll, nái til endursendra fiskiumbúða, og ef svo sje, hvort stjórnarráðið vilji veita nokkra undanþágu frá þessu gjaldi.

Útaf þessu hefir stjórnarráðið tjáð nefndu firma, að umbúðir, sem endursendar sjeu hingað til landsins, sjeu ekki undanþegnar vörutolli, og að stjórnarráðið bresti heimild til að veita nokkra undanþágu í þessu efni, en að það sje annað mál, að samkv. 11. gr. vörutollslaganna megi endurgjalda toll af umbúðum, sem sjeu sendar hjeðan aftur til útlanda, ef skilyrðunum í 11. gr. sje fullnægt.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, til vitundar gefið til leiðbeiningar.

5 **Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um innflutning á hundi.**
 28. jan. Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá Agli Jakobsen kaupmanni hjer í bænum, um að honum verði leyft að flytja hjer í land hund frá Danmörku.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir stjórnarráðið, samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóv. 1905, sbr. lög nr. 25, 9. júlí 1909, veitt leyfi til þessa, með eftirfarandi skilyrðum:

- 1) að hundinum fylgi vottorð dýralæknis í Danmörku um að hann hafi verið heill heilsu við útskipun þar í landi, og að hann verði fluttur hingað beina leið,
- 2) að dýralæknir skoði hundinn áður en hann er fluttur hjer í land og hafi ekkert við heilbrigði hans að athuga,
- 3) að hundinum sje haldið í sóttkví, svo að hann komi ekki saman við aðra hunda, undir umsjón dýralæknis í 8 daga, og að hann eftir þann tíma reynist að öllu leyti heilbrigður.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að nefndum kaupmanni hefir verið tilkynnt þetta hjeðan.

6 **Brjef stjórnarráðsins til biskups um embættislán handa Kirkjubæjarklausturs-**
 4. febr. **prestakalli.**

Eftir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dags. 23. f. mán., hefir